

**Ed.**

**356. Frumvarp**

til laga um gagnfræðaskóla.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í Vestmannaeyjum, Hafnarfirði, Reykjavík, Ísafirði og Akureyri skulu vera gagnfræðaskólar. Heimilt er enn fremur fyrir landsstjórnina að láta efna til gagnfræðaskóla á Siglufirði og Norðfirði, þegar kaupstaðir þessir óska þess og uppfylla skilyrði þessara laga.

2. gr.

Markmið gagnfræðaskólanna er að veita ungmennum, sem lokið hafa fullnaðarprófi barnafræðslunnar, kost á að afla sér frekari hagnýtrar fræðslu, bóklegrar og verklegrar, gera þá nýtari þegna þjóðfélagsins og hæfa til að stunda nám í ýmsum sérskólum.

3. gr.

Stofnkostnaður gagnfræðaskólanna greiðist að þrem fimmstu hlutum af hlutaðeigandi bæjarfélagi, en að tveim fimmstu hlutum úr rikissjóði, enda samþykki kennslumálastjórnin skólastað, uppdrætti og lýsingu af skólahúsinu. Bæjarfélög þau, sem nefnd eru í 1. gr., skulu leggja til hæfilega skólalóð og leikvöll endurgjaldslaust, en kennslumálastjórnin teikningu, ef þess er óskað.

4. gr.

Gagnfræðaskólar skulu vera samskólar fyrir piltá og stúlkur. Ársdeildir mega ekki vera færri en tvær. Auk þess má gagnfræðaskóli, með leyfi kennslumálastjórnar, hafa framhaldsnám hinn þriðja vetur í hagnýtum fræðum, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Kennsla í hverri ársdeild má ekki standa skemur en sex mánuði (sbr. þó 16. gr.), og ekki lengur en sjö og hálfan mánuð.

5. gr.

Inntökuskilyrði í 1. bekk gagnfræðaskólanna eru þessi: 1. Að hafa lokið fullnaðarprófi barnafræðslunnar. 2. Að vera ekki haldinn af næmum sjúkdómi. 3. Að vera 14 ára að aldri. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá síðast talda skilyrðinu, ef honum virðist ástæða til, enda sé umsækjandi fullra 13 ára. Heimilt er og að ákveða í reglugerð próf í einstökum námsgreinum sem inntökuskilyrði. Ef fleiri sækja um inntöku í einhvern bekk gagnfræðaskóla en húsrúm leyfir, ræður prófeinkunn skólavist, samkvæmt nánari fyrirmælum í reglugerð.

6. gr.

Kennslan skal miða að því að glæða námfýsi nemenda og koma þeim til að starfa á eigin hönd, og skal um námsefni jafnan höfð hliðsjón af því, hvað ætla má að komi nemendum að gagni í lífinu. Sérstakt tillit skal taka til atvinnuhátta landsins og skólahéraðsins, einkum að loknu fyrsta árs námi.

Þessar námsgreinar skal kenna í gagnfræðaskólum: Íslenzku og íslenzkar bókmenntir, sögu, dönsku eða sænsku, ensku, landafræði, náttúrufræði, almennan reikning, ásamt undirstöðu í flatarmáli og rúmmálsfræði. Þau atriði félags- og lögfræði, sem mest koma við daglegu lífi. Ennfremur dráttlist, söng, íþróttir og hagnýt vinnubrögð.

Heimilt er skólastjórum að veita nemendum undanþágu frá einstökum námsgreinum, einkum erlendum tungumálum, enda leggi þeir þá því meiri stund á önnur námsefni skólans, eftir því sem áhugi og hæfileikar benda til.

7. gr.

Eftir nám í fyrsta bekk skal ljúka ársprófi; eftir nám í öðrum bekk gagnfræðaprófi. Eftir nám í framhaldsbekk prófi því, sem reglugerð ákveður. Skólastjóri ræður skyndiprófum. Þau skulu vera skrifleg og fyrirvaralaus.

8. gr.

Kennarar gagnfræðaskólanna prófa hver í sinni kennslugrein og eru prófdómendur hver hjá öðrum við árspróf. Kennslumálaráðuneytið skipar prófdómendur við burtfararpróf, og velja þeir verkefnin við prófin.

9. gr.

Fimm manna skólanefnd hefir yfirumsjón hvers gagnfræðaskóla. Kys bæjarstjórn með hlutfallskosningu fjóra menn til þriggja ára, en kennslumálaráðuneytið skipar hinn fimmta, sem jafnframt er formaður, til jafnlangs tíma. Þó getur kennslumálaráðuneytið falið skólanefnd barnaskólanna umsjón gagnfræðaskóla, þegar bæjarstjórn óskar þess.

10. gr.

Hver skólanefnd semur reglugerð fyrir sinn skóla um kennslu, próf og annað, er lýtur að starfi skólans, en kennslumálastjórnin staðfestir. Skólanefnd

skal vera í ráðum með skólastjóra um bóka- og áhaldakaup, annast fjárstjórn skólans og gera til kennslumálastjórnarinnar tillögur um skipun skólastjóra og ráðningu kennara.

#### 11. gr.

Skólastjórar við gagnfræðaskólana skulu skipaðir af kennslumálaráðuneytinu, að fengnum tillögum hlutaðeigandi skólanefndar. Fasta kennara ræður kennslumálaráðuneytið, að fengnum tillögum skólanefndar og skólastjóra. Heimilt er skólanefnd að segja kennara upp starfi með eins árs fyrirvara. Auk skólastjóra er heimilt að ráða einn fastan kennara fyrir fyrstu 30 nemendurna og úr því einn kennara fyrir hverja 30 nemendur eftir meðaltali síðustu 3 ára. Í nýjum gagnfræðaskóla skal tala fastráðinna kennara ákveðin þrjú fyrstu árin af skólanefnd í samráði við kennslumálastjórnina.

Kennarar, sem ráðnir eru með föstum samningi, skulu kenna 27 stundir á viku, en skólanefnd ákveður kennsluskyldu skólastjóra, með samþykki kennslumálastjórnarinnar.

Skólastjóri setur stundakennara fyrir hvert skólaár, með samþykki skólanefndar.

#### 12. gr.

Fyrir mánaðardvöl hvers reglulegs nemanda í gagnfræðaskóla skal greiða úr ríkissjóði í skólasjóð 16 krónur, gegn 24 króna lágmarksframlagi úr hlutaðeigandi bæjarsjóði.

#### 13. gr.

Innanbæjarnemendur skulu ganga fyrir öðrum um skólavist og að jafnaði njóta ókeypis kennslu. Þó má skólanefnd, þegar sérstök ástæða þykir til, með samþykki kennslumálastjórnarinnar ákveða skólagjöld, sem nemi 20 kr. um skólaárið fyrir stúlku, en 40 kr. fyrir pilt. Aldrei má þó leggja skólagjald á meira en helming innanbæjarnemenda. Utanbæjarstúlkur greiði 40 kr. í skólagjald, en utanbæjarpiltar 80 kr. yfir skólaárið.

#### 14. gr.

Nú eru haldin námsskeið við gagnfræðaskóla í bóklegum eða verklegum fræðum, eigi skemur en 2 mánuði og kennsla hvers nemanda 12 stundir á viku eða meira, og skal þá greiða úr ríkissjóði 6 kr. fyrir mánaðarkennslu hvers nemanda, gegn 9 kr. lágmarksframlagi úr bæjarsjóði. Nemendur greiði kennslugjald í hlutfalli við námstímamann eftir ákvörðun skólanefndar. Nánari fyrirmæli um námsskeið þessi skulu sett í reglugerð hvers gagnfræðaskóla.

#### 15. gr.

Ríkissjóðstillög og hið lögmælt framlag bæjarsjóðs, svo og kennslugjöld renna í skólasjóð, og stendur hann straum af rekstri skólans. Nú nægja ekki þessar tekjur til rekstrar gagnfræðaskóla, og greiðist þá úr hlutaðeigandi bæjarsjóði það, sem á vantar rekstrarkostnaðinn.

16. gr.

Í reglugerð fyrir gagnfræðaskóla í Vestmannaeyjum má ákveða, að námstíminn sé skemmri en 6 mánuðir árlega, en þó skulu próf þaðan vera hin sömu og við aðra gagnfræðaskóla, enda sé samanlagður kennslutími til prófs þar jafnlangur og í öðrum hliðstæðum skólum.

17. gr.

Við gagnfræðaskólann í Reykjavík skipar kennslumálastjórnin tvo fasta starfsmenn, skólastjóra og einn kennara. Skal skólastjóri njóta sömu launakjara og forstöðumaður Kennaraskólans, en kennarinn sömu launakjara og fastir kennarar við þann skóla. Laun þeirra greiðast úr ríkissjóði, enda greiðist enginn ríkissjóðsstyrkur fyrir hina fyrstu 30 nemendur þessa skóla. Þessi sérstöku hlunnindi gagnfræðaskólans í Reykjavík falla niður um leið og þeir menn láta þar af störfum, sem nú gegna þessum embættum.

18. gr.

Ríkissjóður lætur á árunum 1930, 1931 og 1932 reisa hús handa gagnfræðaskólanum í Reykjavík. Leggur bærinn til ókeypis lóð, sem kennslumálaráðuneytið tekur gilda, þar sem séð er fyrir eðlilegri vaxtarþörf skólans og annara skóla og skyldra stofnana, sem síðar kynni að þykja heppilegt að reisa við hlið hans. Ennfremur skal Reykjavíkurbær leggja til vatn með kostnaðarverði úr hitaveitu bæjarins til að hita skólabygginguna. Ríkissjóður leggur fram  $\frac{2}{5}$  byggingarkostnaðar, allt að 90 þús. kr., en Reykjavíkurbær  $\frac{3}{5}$  hluta.

Meðan ekki er komin til afnota fyrir gagnfræðaskóla Reykjavíkur (núverandi ungmennaskóla) bygging sú, er hér um ræðir, skal Reykjavíkurbæ skylt að sjá skólanum fyrir húsrúmi, sem kennslumálastjórnin tekur gilt, en landsstjórnin greiðir  $\frac{2}{5}$  húsaleigunnar.

19. gr.

Ungmennafræðsla í kaupúnum og sveitum, sem hvorki þessi lög né lög nr. 37 1929, um héraðsskóla, taka til, skal styrkt samkvæmt reglum, er kennslumálastjórnin setur, af því fé, sem árlega er til þess veitt í fjárlögum.

20. gr.

Lög þessi öðlast gildi að því er snertir ákvæði 18. gr. þegar í stað, en að öðru leyti 1. okt. 1930.